

Miðvikudaginn 12. desember 1990.

Nr. 290/1990. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigþóri Pétri Svavarssyni

(Jón Magússon hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júní 1990 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds til þvingingar á refsingu, en staðfestingar á sviptingu ökuréttinda ævilangt.

Eins og fram kemur í héraðsdómi var í ákæru sagt, að brot ákærða vörðuðu meðal annars við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Héraðsdómari telur 1., sbr. 3. mgr. lagagreinarinnar eiga við. Málið var hvorki sótt né varið fyrir sakadómi, og bar að byggja þar í dómi á 1. mgr., sbr. 2. mgr. fyrrnefndrar lagagreinar, sbr. lokaákvæði 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, og H.1988,949. Hér fyrir dómi var málsreifun með þeim hætti, að dæmt verður á grundvelli 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

Nýtt sakavottorð var lagt fyrir Hæstarétt, en þar er ekki getið annarra brota en nefnd eru í héraðsdómi.

Refsing ákærða er samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga og með hliðsjón af 8. tl. 70. gr., 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigþór Pétur Svavarsson, sæti varðhaldi 60 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. maí 1990.

Ár 1990, föstudaginn 18. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 269/1990: Ákærvaldið gegn Sigþóri Pétri Svavarsyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali rikissaksóknara, útgefnu 10. apríl 1990, á hendur Sigþóri Pétri Svavarsyni, fæddum 4. júlí 1948, fæðingarnúmer 245, fyrir að „aka, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-19677 á árinu 1987, svo sem hér er rakið:

1) Þriðjudaginn 7. júlí, um götur í Þorlákshöfn, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans við bensínafgreiðslu Olís.

2) Miðvikudaginn 11. nóvember, um götur í Bolungarvík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans í Hafnargötu.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1969, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Ákæruliður 1.

Þriðjudaginn 7. júlí kl. 18.45 var lögreglan í Árnessýslu við eftirlitsstörf í Þorlákshöfn. Veittu lögreglumenn athygli bifreiðinni R-19677, sem ekið var austur Selvogsbraut og norður Óseyrarbraut. Vegna aksturslags bifreiðar var henni veitt eftirför. Er haft var tal af ökumanni, ákærða í máli þessu, eftir stöðvun bifreiðar við Olís, Þorlákshöfn, fannst áfengisþefur frá vitum hans. Var tekið öndunarsýni af ökumanni, er sýndi III. stig. Var hann færður á lögreglustöðina á Selfossi, þar sem læknir tók úr honum blóðsýni til alkóhólákvörðunar. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1,86‰. Ákærði reyndist jafnframt vera sviptur ökuréttindum.

Við yfirheyrslu fyrir lögreglu þann 26.3. 1990 viðurkenndi ákærði að

hafa neytt áfengis fyrir akstur í greint sinn og fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Ákærði kom fyrir dóm hinn 4. maí sl., og var framburður hans í samræmi við framangreinda skýrslu fyrir lögreglu.

Ákæruliður 2.

Miðvikudaginn 11. nóvember 1987 um kl. 22.00 var lögreglunni í Bolungarvík tilkynnt um, að grunur léki á, að ákærði í máli þessu væri ölvaður við akstur. Nokkru síðar var bifreiðin R-19677 stöðvuð á Hafnar-götu, og reyndist ökumaður hennar vera ákærði í máli þessu. Var ákærði færður á lögreglustöðina til yfirheyrslu og honum jafnframt tekið blóðsýni. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði vera 1,77‰.

Fyrir lögreglu í Reykjavík þann 26.3. 1990 viðurkenndi ákærði að hafa ekið réttindalaus og undir áhrifum áfengis í framangreint sinn.

Fyrir dómi þann 4. maí sl. var framburður ákærða samhljóða skýrslu fyrir lögreglu.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða, niðurstöðu blóðrannsóknar og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæruskjali og eru þar rétt færð til refsíakvæða að því frátöldu, að brot ákærða teljast varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga, en ekki 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., eins og greinir í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

[Ákærði sætti refsidómi 1983 fyrir ölvunarakstur og var þá sviptur ökuleyfi 20 mánuði. Hann var 1985 dæmdur í 45 daga varðhald fyrir sams konar brot og sviptur ökuleyfi ævilangt, og 1986 var hann dæmdur í 45 daga varðhald (hegningarauka) fyrir sams konar brot. Hann hefur 4 sinnum sæst á greiðslu sekta, m.a. 1984 fyrir umferðarlagabrot og 17. febrúar 1989 fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.]

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. áður 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing sú, sem ákærða verður gerð í máli þessu, verður hegningarauki við dómsátt sakadóms Reykjavíkur frá 17.2. 1989, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða, sbr. einnig 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir hún (sic) hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Í ákæruskjali er þess krafist, að ákærði verði sviptur ökuréttindum samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur frá 12.12. 1985 var ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt. Áréttta ber, að þau ákvæði dómsins haldi gildi sínu.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigbór Pétur Svavarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
